

Fljótsdalshérað

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is



Umhverfisstofnun
b.t. Guðmundar B. Ingvarssonar
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. G.B.I A.B.B
01. april 2015
08.14.01
Tilv. 157201502-009

Egilsstaðir, 31. mars 2015

Ósk um breytingu á tillögu að starfsleyfi

Í kafla 2.6 í starfsleyfisumsókn urðunarstaðarins á Tjarnarlandi, kemur fram að ekki verði tekið við spilliefnum. Hér með er óskað eftir að sú breyting verði gerð á umsókninni og drögum að starfsleyfi, að heimilt verði að urða stöðug óvirk spilliefni, sbr. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um urðun úrgangs nr. 738/2003 og kafla 2.3 í viðauka II við sömu reglugerð.

Breyting á deiliskipulagi

Í umsögn Skipulagsstofnunar vegna hugmyndar Fljótsdalshéraðs að auka árlegt magn til urðunar úr 2.000 í 3.000 tonn, kemur fram að breyta þurfi „samþykktu deiliskipulagi vegna aukningar árlegs magns og breytts endingartíma.“ Vinna við þá breytingu er í gangi og að öllu óbreyttu verður breytt deiliskipulag lagt fyrir umhverfis- og framkvæmdanefn Fljótsdalshéraðs þann 8. apríl nk. Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs tekur svo afstöðu til breytingarinnar viku seinna og að fengnu samþykki bæjarstjórnar (þ.e. 16. apríl nk.) verður breytingin send B-deild Stjórnartíðinda til birtingar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Freyr Ævarsson
Verkefnastjóri umhverfismála